

### 53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um innstæðukúgildi á klausturjörðum.

1872.  
13. maí.

Í bræfi 8. desbr. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, látið í ljósi ítarlegra álit yðar útaf því, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, Árni Gíslason, áður hafði hreyft, um fjölgun innstæðukúgildanna á Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar-klausturs gózi, og jafnframt sent álitsskjal umboðsmannsins yfir tæðu umboði viðvikjandi þessu efni, dagsett 5. aprílm. s. á.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að þarsem umboðsmaðurinn í þessu tilliti hefir stungið uppá, að veita megí styrk leiguliðum á tæðu gózi, sem æski þess og sem sè ábyrgðarfærir og áreiðanlegir menn, með þeim hætti, að kaupa og fá þeim til láns kúgildi, með þeim kjörum, að þeir að eins greiði í vöxtu af kaupverðinu 4 af hundraði á ári, og að þeir, er þeir æskja þess, verði leystir frá þeirri skyldu, sem kúgildinu fylgir, sem er, að halda því við, þá verður stjórnarráðið að vera stiptamtmanninum samdóma í því, að þessi kjör verði eigi samrýmd við hugmyndina um innstæðukúgildi, og að slík ráðstöfun sè því með öllu óaðgengileg.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem þér hafð látið til, verður stjórnarráðið jafnframt að álíta, að þó eigi sè nú sem stendur jafnt hlutfall milli tölu kúgildanna á klausturjörðunum og dýrleika jarðanna, mundi samt eigi vera næg ástæða til að gjöra almenna ráðstöfun til þess að fjölga kúgildunum, en jafnframt þessu hefir stjórnarráðinu samt fundizt það eiga hér við, að leiða athygli yðar að því, að hagfellt muni, þegar tækifæri gefst, og einkum þegar jörð verður laus, að fjölga smásaman kúgildunum, og koma svo á hinu sama hlutfalli milli kúgilda og dýrleika á fyrnefndu gózi, sem er allstaðar bæði á bændaeignum og opinberum eignum á Íslandi, þannig, að venjulega sè látið vera eitt innstæðukúgildi fyrir hver fimm hundr. af dýrleika jarðarinnar, og

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 228.

1872. mælust vèr því til, að þèr, herra stiptamtmaður, segið hlutað-  
 13. maí. eiganda umboðsmanni fyrir um þetta, einsog með þarf.

18. maí. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins  
 yfir Íslandi, um tilraun að veita Kúðafljóti.**

Með brèfi, dagsettu 26. febr. þ. á., hafði þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, útlagða á dönsku, þar sem umboðsmaðurinn yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustri í Skaptafells-sýslu skýrir frá, að til þess að reyna til að stemma stigu fyrir vatns ágangi úr Kúðafljóti, hafi hann í sumar, sem leið, skorað á nokkra landseta á jörðum þeim, sem liggja við fljótið, og að mestu leyti eru klausturjarðir, að reyna til að grafa fram fljótið og leiða það í hinn fyrri farveg sinn, og lofað að sækja um, að þeim yrði borgað fyrir þetta verk að helmingi; sækir hann nú um, að þeim mönnum, sem störfuðu að þessu, verði endurgoldin 10 dagsverk eptir verðlagsskránni, þótt fyrirtækið eigi þeppnaðist. Með því umboðsmaðurinn hefir komið þessu til leiðar, og landsetarnir að mestu leyti eru efnalitlir menn, hefir stiptamtmaður mælt með bænarskránni og stungið uppá, að greiða megi úr umboðssjóðnum sem endurgjald fyrir erfiði þetta 10 rd. alls, sem er samsvarandi verðlaginu á 10 dagsverkum eptir verðlagsskrá þeirri, sem gildir á þessu ári (1871—72) fyrir Skaptafellsýslu, hvert dagsverk talið 95,8 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem ástatt er, fellst á uppástungu stiptamtsins.